

Atvinnu, ferðamála og menningarnefnd Langanesbyggðar

Fundur 7. september 2010

Mættir: Karen Konráðsdóttir, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Halldóra Gunnarsdóttir

Stefna fyrir nefndina? Hverju skal nefndin fylgja, er til atvinnustefna í Langanesbyggð?
Óskum eftir upplýsingum frá stjórnarsýslunni hvort slík stefna sé til og þá aðgang að henni.

Halldóra fer yfir sitt starfssvið –

- taka við keflinu í Gebris verkefninu og slíku tengt þar sem verkefnið hættir
- „þorskkvóta“ peningar – 3 milljónir, skilti í vinnslu, vegvísar, gönguleiðir
- Styrkir frá ferðamálastofu – úrbætur á ferðamannastöðum m.a. bætt aðgengi við Sauðaneshús í samvinnu við húsafriðunarnefnd
- Útfærsla á upplýsingaskilti við tjaldstæðið, styrkur fyrir hendi frá Ferðamálastofu
- Vinna í tengslum t.d. við Atvinnuþróunarfélagið, Markaðsstofu Norðausturlands
- Partur af starfinu snýr að menningarmálum – sveitarfélagið er aðili að menningarfélaginu Frón sem stendur meðal annars fyrir tónleikum um landið, umsýsla við Sauðaneshúsið, hjálpa fólki að halda samkomur og viðburði, ofl.

Umræður um vef nordurland.is, litlar upplýsingar um svæðið miðað við að greitt er í Markaðsskrifstofuna, hvað er hægt að gera í því? Sett á könnu Halldóru að athuga það.

Fjölskyldugarður á Þórshöfn – styrkur sem var 2 milljónir, þegar ein milljón notuð í hönnunavinnu. Kalla þarf fram allar upplýsingar bæði frá Teikn á lofti og þeim stjórnarsýsluaðilum sem unnu með þeim að skipulaginu fyrir garðinn til að hægt sé að halda áfram með hugmyndina og fara í framkvæmdahliðina.

Umræður um veginn út á Langanes... bættar samgöngur fyrir ferðafólk í framhaldi af auknum upplýsingum, vegvísun og hvatningu til Langanesferða.

Umræður um bókasafnið – hvaða nefnd tilheyrir það?

Hver er staðan á drekamáli – óska eftir svörum frá Gunnólfi.

Fundi slitið.